

Aðalfundur Sjóvá - Almennra trygginga hf. 2023

Fundargerð

Föstudaginn 10. mars 2023, kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
12. Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir dagskrá fundarins og ársreikningur félagsins fyrir árið 2022.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Hildur Árnadóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro.

Þá sat fundinn Sæmundur Valdimarsson frá endurskoðanda félagsins KPMG.

Formaður stjórnar setti fundinn og kaus fundurinn Kristínu Edwald sem fundarstjóra og Sigríði Helgu Árnadóttur sem fundarritara. Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir félagsins. Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 1 og 2 yrðu afgreiddir saman og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að mætt var fyrir eigendur samtals 79,9279 % af atkvæðisbæru hlutafé í félaginu.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Björgólfur kvað rekstur Sjóvár hafa einkennt af sterkum grunnrekstri og vel ásættanlegri afkomu af fjárfestingastarfsemi miðað við aðstæður í hagkerfinu. Björgólfur greindi frá því að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir árið 2022 hefði verið í takt við útgefnar horfur fyrir árið og yrði afkoman að teljast afar góð þegar haft væri í huga að í maí hefði Sjóvá ráðstafað, eitt tryggingafélaga, um 600 m.kr. til viðskiptavina. Þá hefðu um 31 þúsund tjónlausir viðskiptavinir fengið samtals 808 m.kr. í Stofnendurgreiðslu. Váttryggingareksturinn hefði allt

XE

frá öðrum ársfjórðungi 2016 skilað jákvæðri afkomu en sá árangur byggði á fjölþættum aðgerðum. Rík áhersla hafi verið lögð á heilbrigðan grunnrekstur allt frá því félagið var skráð á hlutabréfamarkað. Björgólfur sagði frá vinnu við stefnumótun til framtíðar sem fælist í að huga að langtímamarkmiðum starfseminnar. Áhersla Sjóvá væri sem fyrr á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan væri aðgengileg. Björgólfur greindi frá því að Sjóvá hefði hlotið verðlaunin Umhverfisframtak ársins 2022 frá Samtökum Atvinnulífsins fyrir að huga vel að umhverfisáhrifum í starfseminni. Viðurkenningin hefði lottið að notkun fjarskoðunarlausnar Innsýnar þar sem hægt væri að skoða, leiðbeina og afgreiða tjón í gegnum farsíma. Þá hefði verið veitt viðurkenning fyrir átak í fræðslu um notkun framrúðuplástra. Sjóvá vilji halda áfram á þeirri braut að nýta tækifæri til að bæta þjónustu við viðskiptavinum um leið og hugað væri að umhverfinu og hagsmunum alls samfélagsins.

Björgólfur nefndi að Sjóvá hefði um árabil unnið að forvörnum og stærsti viðburður ársins 2022 hefði verið afhending á fyrsta björgunarskipi Slysavarnafélagsins Landsbjargar af 13. Kvað hann félagið stolt og ánægt með að hafa styrkt Landsbjörgu til kaupa á fyrstu þremur skipunum. Björgólfur greindi frá því að allt frá skráningu félagsins á markað hefði það verið stefna stjórnar að Sjóvá væri arðgreiðslufélag og að a.m.k. 50% af hagnaði hvers árs væri greiddur út í arð til hluthafa, að teknu tilliti til gjaldþols félagsins. Stjórn myndi því leggja til við aðalfund að greiða út arð sem myndi nema 1,61 kr. á hlut fyrir rekstrarárið 2022 eða um 1.900 m. kr. króna. Þá kom Björgólfur inn á að á aðalfundi árið 2022 hefði verið samþykkt heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Keyptir hefðu verið 49,4 millj. eigin hlutir á árinu 2022, þar af 27,1 millj. hlutir á grundvelli heimildar frá aðalfundi 2021. Fram kom að stjórn myndi leita eftir nýrri heimild aðalfundar fyrir kaupum á eigin hlutum með framkvæmd endurkaupaáætlunar á árinu 2023.

Björgólfur tók fram að sá góði árangur sem náðst hefði í rekstri á árinu 2022 lægi fyrst og fremst í þeim mannauði sem Sjóvá byggði yfir. Stjórn félagsins vildi þakka starfsmönnum fyrir frábæra frammistöðu og metnað til að gera vel í starfi og þjónustu við viðskiptavinum. Þá þakkaði stjórn viðskiptavinum tryggð og samfylgdina á árinu 2022 líkt og undanfarin ár. Loks þakkaði Björgólfur meðstjórnarmönnum og Hermanni Björnssyni fyrir gott samstarf.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.

Hermann Björnsson forstjóri Sjóvá fór yfir hvað bar hæst á árinu og þá tillögu stjórnar að fyrirbyggjandi ársreikningur fyrir árið 2022 yrði samþykktur. Hermann greindi frá því að margir samverkandi þættir hefðu haft áhrif á það hversu vel rekstur félagsins hefði gengið. Sjóvá byggði að framúrskarandi mannauði og hefði félagið 5. árið í röð fengið nafnbótina fyrirtæki ársins hjá VR. Á sama hátt væri mikil ánægja á meðal viðskiptavina með þjónustuna en félagið hefði unnið Ánægjuvogina 6. árið í röð og það með marktækum mun. Hermann nefndi að 92% viðskiptavina hefðu gefið félaginu 8-10 í einkunn í þeim þjónustukönnunum sem sendar voru út. Ánægjulegt væri að sjá hvernig ánægja starfsmanna og ánægja viðskiptavina héldust í hendur.

Tekin hefði verið ákvörðun um að deila góðu gengi með viðskiptamönnum en félagið hefði endurgreitt 602 m.kr. til viðskiptavina í maí, en það væri í annað skiptið sem það væri gert. Þá hefði félagið endurgreitt 809 m.kr. til tjónlausra viðskiptavina í Stofni. Greindi Hermann frá því að vöxtur iðgjalda árið 2022 hefði verið 11% og samsett hlutfall 95,8% samanborið við 90,9% árið áður, en tók fram að árin væru ekki samanburðarhæf vegna heimsfaraldurs. Kostnaðarhlutfall hefði verið gott en teikn væru á lofti með tjónshlutfallið, meðaltjónið væri að vaxa. Tjónavöxtur skýrðist að hluta af því að samanburðarárið hefði hagfelld vegna minni umsvifa í samfélaginu. Hermann nefndi að aukin umferð og hagvöxtur héldust í hendur og væru þetta atriði sem þyrfti að vakta mjög vel s.s. með áherslu á forvarnir og eins með því að veita félaginu og birgjum aðhald varðandi verðlagningu. Tryggingafélög þyrftu í auknum mæli að taka upp notkun framrúðuplástra ofl. sem hefði rekstrarleg áhrif en væri líka

JK

gagn af fyrir viðskiptamenn. Framrúðutjón hefðu verið 8.000 talsins sem hefði í för með sér bæði umhverfislega og kostnaðarlega sóun. Þetta væru hlutir sem þyrfti að huga betur að í samfélaginu og tryggingafélagið myndi einbeita sér að þessu. Hermann nefndi að stafræn þróun væri í miklum vexti hjá Sjóvá en þar hefði verið 60% vöxtur. Hjá Reitun væri félagið að skora 76/100 í UFS mati. Hermann kom inn á að áður hefði verið minnst á ánægjulegt samstarf við Landsbjörgu og taldi rétt að nefna að félagið hefði einnig unnið vel með Rauða krossinum undanfarið ár t.a.m. í málefnum flóttafólks.

Að lokum þakkaði Hermann samhentri stjórn félagsins fyrir afar gott samstarf, samstarfsfólki fyrir vel unnin störf og frábært samstarf sem og viðskiptavinum fyrir viðskiptin á árinu. Í framhaldi fór hann yfir ársreikning félagsins sem var staðfestur 9. febrúar sl. af stjórn og í kjölfarið staðfestur af KPMG.

Um rekstrarreikninginn

Iðgjöld ársins 2022 námu 26.533 millj.kr. en voru 23.953 millj.kr. árið áður og hækkuðu því um 10,8%. *Eigin iðgjöld* ársins 2022 námu 25.169 millj.kr. en voru 22.928 millj.kr. árið áður og hækkuðu því um 9,8%. *Fjárfestingatekjur* ársins 2022 námu 2.195 millj.kr. en voru 8.384 millj.kr. árið 2021. *Aðrar tekjur* ársins 2022 námu 300 millj.kr. en voru 242 millj.kr. árið áður. *Heildartekjur* ársins 2022 voru 27.664 millj.kr. en voru 31.554 millj.kr. árið áður og lækkuðu því um 12,3%. *Eigin tjón* ársins 2022 námu 19.423 millj.kr. á árinu 2022 en voru 16.307 millj.kr. árið 2021 og jukust því um 19,1%, en Hermann nefndi að árin væru illa samanburðarhæf eins og áður hefði verið komið inn á. *Rekstarkostnaður* árið 2022 var um 5.222 millj.kr. en 4.998 millj.kr. árið áður og hækkaði því um 4,5%. *Heildargjöld* ársins 2022 námu 24.502 millj.kr. en voru 21.206 millj.kr. árið áður og hækkuðu um 15,5%. *Hagnaður* ársins 2022 fyrir tekjuskatt var 3.161 millj.kr. Tekjuskattur 2022 var 438 millj.kr. *Heildarhagnaður* ársins 2022 var 2.723 millj.kr. miðað við 9.570 millj.kr. árið áður. Hagnaður á hlut var 2,28.

Um efnahagsreikninginn

Hermann fór síðan yfir eignir samstæðunnar. *Heildareignir* námu 68.570 millj.kr. en voru 67.856 millj.kr. árið 2021. *Rekstarfjármunir* 2022 voru 523 millj.kr., *leigueignir* 1.284 millj.kr., *viðskiptavild* 244 millj.kr. og *verðbréf* 51.254 millj.kr. Benti Hermann hér á skýringar nr. 19 og 20. *Fjárfestingar* með *fjárfestingaráhættu* líftryggingartaka voru 5.218 millj.kr., *endurtrygginga* eignir 1.195 millj.kr., *viðskiptakröfur* og *aðrar kröfur* hækkuðu í tæpar 7.663 millj.kr. og *handbært fé* var 1.189 millj. *Eigið fé* ársins 2022 nam samtals 21.507 millj.kr. en var 24.339 millj.kr. árið 2021. *Skuldirnar* námu 47.063 millj.kr. árið 2022 en voru 43.518 millj.kr. árið áður. Þar vó *vátryggingaskuld* mest 37.866 millj.kr., *líftryggingaskuld* var 5.218 millj.kr., *skattskuldbinding* 16 millj.kr., *leiguskuldir* 1.342 millj.kr., *skattar til greiðslu* 429 millj.kr. og *viðskiptaskuldir* og *aðrar skuldir* 2.191 millj.kr. Hermann kom einnig inn á *gjaldþolshlutfall* og vísaði á skýringu nr. 25, sem og *breytingu á eiginfjárlutfall* og vísaði til bls. 12. Þá benti hann á skýringu nr. 3 um *reikningshaldslegt mat* og *ákvarðanir*, skýringar nr. 29-35 um *áhættustýringu* og skýringu nr. 40 um *innleiðingu á nýjum og endurbættum stöðlum*.

Að loknu erindi Hermanns bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls um dagskrárliði 1 og 2. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar þá endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið reikningsár upp til samþykktar og voru endurskoðaðir reikningar félagsins samþykktir einróma.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 1,61 á hlut fyrir rekstrarárið 2022 eða um 1.900 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 10. mars 2023 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 14. mars 2023, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 13. mars 2023 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 21. mars 2023.“

JK

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt. Starfskjarastefnan er óbreytt frá fyrra ári.“

Bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls og enginn kvaddi sér hljóðs. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

5. Tillaga um lækku hlutafár vegna kaupa á eigin hlutum.

Kynnt var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um lækku á hlutafé þess:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 10. mars 2023 samþykkir að hlutafé félagsins verði, lækkað um kr. 37.128.299 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.215.521.504 að nafnverði í kr. 1.178.393.205 að nafnverði.“

Las fundarstjóri upp eftirfarandi greinargerð stjórnar um tillöguna:

„Á aðalfundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. þann 11. mars 2022 var samþykkt heimild til handa stjórn félagsins að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Samkvæmt heimildinni mátti félagið kaupa að hámarki 121.552.150 hluti en það jafngildi 10% af útgæfnum hlutafé félagsins. Á grundvelli þessarar heimildar hafði Sjóvá-Almennar tryggingar hf. keypt 37.128.299 eigin hluti, eða sem nemur 3,05% af útgæfnum hlutafé á tímabilinu frá 13. mars 2021 til 10. febrúar 2023. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar var að lækka hlutafé félagsins og þess vegna leggur stjórn félagsins fram tillögu um að lækka hlutaféð um 37.128.299 hluti eða þá eigin hluti sem voru keyptir á tímabilinu. Mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutafé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs. Lækkunin verður framkvæmd eftir að lögboðin skilyrði fyrir lækkuninni hafa verið uppfyllt.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækku hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. hljóði eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.178.393.205 – einn milljarður eitt hundruð og sjötíu og átta milljónir þrjú hundruð níutíu og þrjú þúsund tvö hundruð og fimm krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

7. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Katrín S. Óladóttir formaður tilnefningarnefndar greindi frá störfum nefndarinnar árið 2022. Gerði hún grein fyrir hinum nefndarmönnum og nefndi að Pálín hefði verið þeim til halds og trausts. Katrín kvað nefndina hafa fundað 5 sinnum formlega á tímabilinu en einnig hefðu verið stuttir aukafundir. Birt hefði verið auglýsing í Kauphöll Íslands þar sem óskað var eftir framboðum til stjórnar. Allir núverandi stjórnarmenn sem og báðir núverandi varamenn hefðu gefið kost á sér áfram í stjórn. Nefndin hefði

XC

hitt forstjóra, stjórnarnmenn og fulltrúa þriggja hluthafa til að fara yfir reynslu af störfum stjórnar. Nefndin hefði lagt mat á þekkingu, hæfni og reynslu frambjóðenda út frá lykilhæfniramma og einnig hefði verið lagt mat á stjórnina í heild. Samhljómur hefði verið í niðurstöðum árangursmats stjórnar og þess sem fram kom í viðtölum við einstaka stjórnarmenn. Kvað Katrín það mat nefndar að alla lykilhæfnipætti, reynslu og þekkingu sem leitað væri eftir væri að finna í hópi frambjóðenda, núverandi stjórnarmanna. Katrín sagði nefndina hafa verið einróma sammála um að leggja það til að stjórn félagsins yrði endurkjörin, enda góður árangur af störfum þeirra.

Fól Katrín síðan fundarstjóra að fara yfir tillöguna.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að tjá sig um skýrslu tilnefningarnefndar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

8. Kosning stjórnar félagsins.

Fundarstjóri fór yfir nöfnin á þeim sem tilnefndir voru í stjórn og varastjórn.

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Nesbala 66, 170 Seltjarnarnesi.
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ.
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Naustavör 11, 200 Kópavogi.
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ.
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík.

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Hegranesi 24, 210 Garðabæ.
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um kosningu stjórnar. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Sjálfkjörið var í aðalstjórn og varastjórn þar sem önnur framboð bárust ekki. Lýsti fundarstjóri aðalstjórn og varastjórn réttkjörna stjórn félagsins.

9. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar félagsins:

„Lagt er til að KPMG ehf. verði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.“

Engar umræður urðu um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar félagsins:

„Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 415.000 á mánuði í kr. 437.000 og að laun stjórnarformanns verði hækkuð úr kr. 815.000 á mánuði í kr. 858.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 437.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 151.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 34.000 á mánuði og kr. 45.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.“

Engar umræður urðu um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

JS

11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Tillagan hljóðaði svo:

„Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykkt félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:“

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 10. mars 2023 veitir stjórn félagsins heimild, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, til að kaupa allt að 117.839.321 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kaupskilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Las fundarstjóri upp eftirfarandi greinargerð stjórnar um tillöguna:

„Stjórn Sjóvár hefur sett sér arðgreiðslustefnu þar sem fram kemur að stefnt skuli að því að árlegar arðgreiðslur til hluthafa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs eftir skatta. Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til gjaldþols. Þá er félaginu heimilt að kaupa eigin bréf í stað þess að greiða út arð eða samhliða arðgreiðslu, ef hluthafafundur metur það hagstætt. Við slíkt mat er rétt að taka mið af markaðsaðstæðum, mati á afkomu félagsins og eiginfjárstöðu hverju sinni. Tilgangur kaupa á eigin hlutum er að lækka hlutafé félagsins.“

Engar umræður urðu um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

12. Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist. Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls.

Að svo búnu fól fundarstjóri fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 16. gr. samþykkt félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fundastjóri þakkaði fundarmönnum fyrir.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15:44.

Fundarstjóri:

Kristín Edwald

Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:

Sigríður H. Árnadóttir

Sigríður Helga Árnadóttir, lögfr.